

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Hellu í Rangárvallasýslu
nr. 208 30. nóvember 1960.

1. gr.

14. gr. orðist svo:

Af húsum, sem tengd eru við vatnsveitukerfið eftir gildistöku reglugerðar þessarar, skal greiða tengigjald eða stofngjald 2000.00 krónur. Gjald þetta skal greiddast áður en húsið er tengt við vatnsæð.

Reglugerð þessi, sem vatnsveitufélag Hellu, Rangárvallasýslu, hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 7. nóvember 1966.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 247.

30. nóvember 1966.

REGLUGERÐ

um mat á frystum hrognum til útflutnings.

1. gr.

Öll hrogn, sem fryst eru til manneidis og flutt eru út frá Íslandi, skulu háð eftirliti og vera metin af Fiskmati ríkisins.

2. gr.

Fryst hrogn skulu skiptast í tvo aðalflokka eftir gæðum og frágangi.

- 1) Fyrsta flokks hrogn til manneidis.
- 2) Iðnaðarhrogn fyrsta og annars flokks eins og nánar er kveðið á um í 3. og 4. gr. þessarar reglugerðar.

3. gr.

Hrogn, sem ætluð eru til manneidis í óbreyttu formi eða til reykingar heil, skulu vera fyrsta flokks að gæðum, enda séu þau ósprungin, laus við gall- eða marbletti og almennt útlitsgóð og órunnin vegna hrygningar. Þó má nota aðra skálmína, sé hún rétt skorin eftir gotrauf. Ekki mega hrognin hafa frosið í geymslu, áður en vinnsla þeirra fór fram. Hrognin skulu vera hraðfryst. Hrogn, sem fullnægja þessum skilyrðum, skulu metin I. flokks til manneidis. Heimilt er Fiskmati ríkisins að ákveða stærðarflokkun á þessum gæðaflokki hroгна í samráði við útflytjendur.

4. gr.

Hrogn, sem ætluð eru til matvælaíðnaðar, svo sem niðursuðu, skulu flokkast í tvo undirflokka og kallast iðnaðarhrogn nr. 1 og iðnaðarhrogn nr. 2.

a) *Iðnaðarhrogn nr. 1*, teljast hrogn, sem vegna gæða hráefnis hefðu verið metin hæf sem fyrsta flokks, samkvæmt 3. gr., ef hrognin hefðu ekki spillt vegna